



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um aðgang forsjáaraðila utan lögheimilis barns að upplýsingum úr skólakerfinu**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 27. júní 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks:

*Er það tryggt að báðir foreldrar fái sömu upplýsingar um barn sitt í skólakerfinu? Er tryggt að forsjáaraðili sem er ekki á lögheimili barns hafi sama aðgang að upplýsingum og forsjáaraðili á lögheimili barnsins?*

#### **Svar:**

Almennt eiga foreldrar rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sín, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, sbr. reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga til leik- og grunnskóla. Um takmarkanir á upplýsingarétti þeirra fer skv. 17. gr. stjórnáskilgáttar nr. 37/1993 og 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Foreldri sem ekki fer með forsjá barns á einnig rétt á að fá upplýsingar um barn frá skóla, þó skv. nánari fyrirmælum í 52. gr. barnalaga nr. 76/2003. Foreldri er hér notað um þá sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga nr. 76/2003 og geta þeir leitað til starfsstaða og óskað aðgangs að upplýsingum um barn sitt. Tekið er fram að áður en foreldrum eru látnar í té persónuupplýsingar sem þeir eiga rétt á verða þeir að staðfesta deili á sér.

Varðandi aðgangsstýringar í upplýsinga- og skráningarkerfum, sem starfsstaðir skóla- og frístundasviðs notast við, gildir eftirfarandi:

#### **Vala leikskóli, Vala frístundaheimili og Vala grunnskólamatur:**

Eins og er tengir kerfið Vala eingöngu við lögheimilistengsl en skv. lögum nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga er lögheimilistengsl skilgreint sem auðkennisnúmer fyrir þá einingu í þjóðskrá sem tilgreinir sameiginlegt lögheimili ákveðins hóps einstaklinga. Umrætt auðkennisnúmer veitir ekki upplýsingar um forsjá barna.

Nánar tiltekið þá heimilar kerfið einungis aðstandendum með sömu lögheimilistengsl og barnið aðgang að kerfinu. Þegar foreldrar fara með sameiginlega forsjá þá getur lögheimilisforeldri veitt búsetuforeldri aðgang að Völu smáforritinu þar sem það getur fengið upplýsingar sem tengjast dvöl barnsins á leikskóla/frístundaheimili. Búsetuforeldri fær þó ekki aðgang að umsóknarferli í smáforritinu, eins og er.

Advania ehf., er vinnsluaðili Völu kerfisins. Advania ehf. er að vinna að breytingum á kerfinu þannig að Vala geti tekið við upplýsingum úr þjóðskrá um búsetuforeldri og veitt því fullan aðgang að öllum gögnum og umsóknum barns, þ.e. samskonar aðgang og lögheimilisforeldri



er með. Þetta verkefni átti að vera tilbúið fyrir skólabyrjun 2022 en hefur seinkað. Skóla- og frístundasvið er í samskiptum við Advania ehf. vegna málsins. Eins og mál standa í dag er búið að uppfæra Vala frístund og kerfið núna í prófun. Þegar kerfið, Vala frístund er tilbúið verður farið í að uppfæra smáforritið, Vala leikskóli og loks verður kerfið Vala matur uppfært.

Til að útskýra frekar, þá verður vinnslan þannig að ef forsjáraðilar hafa gert með sér samning um skipta búsetu þá fá báðir aðilar fullan aðgang að Völu kerfunum og leikskólasmáforritinu. Ef forsjáraðilar fara með sameiginlega forsjá þá fær sá aðili sem er ekki með sama lögheimili og barnið einungis skoðunaraðgang, eins og lýst var hér að framan. Stjúpforeldrar fá ekki aðgang í Völu kerfunum.

### **Mentor:**

Nýir grunnskólanemendur og aðstandendur þeirra í Reykjavík koma langflestir inn í upplýsinga- og skráningarkerfið Mentor. Upplýsingar um viðkomandi aðila berast í gegnum vefþjónustu sem skóla- og frístundasvið borgarinnar notar til að senda gögn til Mentor.

Þegar nemandi er skráður í grunnskóla kemur sjálfkrafa upp að hægt sé að tengja aðstandendur við nemanda í Mentor sem eru með sömu lögheimilistengsl og barnið úr þjóðskrá. Viðkomandi skóli getur þó skráð aðstandendur hjá nemanda í kerfið og stjórnað aðgangi þeirra handvirkt.

### **Námfús:**

Upplýsinga- og skráningarkerfið Námfús er byggt upp á svipaðan hátt og Mentor. Námfús kerfið fær upplýsingar um nemendur og aðstandendur í gegnum vefþjónustu Reykjavíkur. Aðstandendur sem eru skráðir með sömu lögheimilistengsl fá sjálfkrafa aðgang að Námfús. Öðrum aðstandendum er hægt að gefa aðgang handvirkt.

### **Rafræn Reykjavík, umsókn um grunnskóla 2-10 bekkur:**

Kerfið Rafræn Reykjavík, byggir á lögheimilistengslum og einungis aðstandendur á sömu lögheimilistengslum geta sótt um grunnskóla fyrir barn. Engar aðrar upplýsingar um börnin eru í Rafrænni Reykjavík.

### **Grunnskólaumsókn 1. bekkur:**

Umsókn um 1. bekk í grunnskóla fer fram í nýju umsóknarkerfi sem er inn á mínum síðum á reykjavik.is. Það umsóknarferli byggir á tengslum við lögheimilistengsl og einungis aðstandendur á sömu lögheimilistengslum geta sótt um í 1. bekk fyrir barn. Engar aðrar upplýsingar um barnið eru í þessu umsóknarkerfi. Þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar hefur þó verið að skoða breytingar varðandi tengingu búsetuforeldra skv. nýrri skráningu í þjóðskrá.